



6. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2025-2026

8. september 2025 kl. 17:00

Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir (VFS), Sigurður Elmar Birgisson (SEB) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi: Ívar Hauksson (ÍH), Þormóður Skorri Steingrímsson (ÞSS), og Hákon Leifsson (HL).

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Æskulýðsnefnd

a. Meðferð söfnunarfjár

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir söfnunarfé æskulýðsnefndar frá bingó æskulýðsnefndar. Leggur HS til að nettófjárhæðin, þ.e. söfnunarfé að frádregnum kostnaði af viðburðinum verði lagt inn á sérstakann reikning merktan æskulýðsnefnd sem æskulýðsnefndin fær til ráðstöfunar vegna félagsstarfsins. VFS spyr hvort það sama gildi um fyrri ár. HS svarar því til að það byrji frá og með árinu 2025. Stjórn samþykkir það einróma.

3. Námskeið

HS leggur til að RÁS og VFS verði skipaðar í nefnd til að útfæra fræðslustefnu félagsins með viðmið ISI um fyrirmyndarfélag ISI til grundvallar. Hægt er að hafa fræðslustefnu Sörla sem fyrirmynd um fræðslustefnu Fáks. Stjórn samþykkir það.

4. Almennadalur

a. Fundur með formanni Almennadalsfélagsins

HS fundaði með formanni Almennadalsfélagsins í kjölfar svarbréfs til Almennadalsfélagsins um stöðuna og leiðir til úrlausnar. HS upplýsti að stjórn stefni á að ræða við eigendur húsa þar sem búið er í hesthúsinu sjálfu en fyrst yrði byrjað á því að eiga við Almennadal 9. Fór fundurinn vel fram.

b. Bréf til borgarráðs Reykjavíkur vegna stöðunnar í Almennadal

Borgarráð hefur í engu svarað bréfinu né staðfest móttöku þess. Hins vegar var bréfið sent í ábyrgðarpósti til formanna borgarráðs, umhverfis- og skipulagsráðs og menningar- og íþróttaráðs og það hefur verið merkt sem afhent. HS hefur verið í sambandi við fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og átti fund með borgarfulltrúa þess flokks til að ræða stöðu hestamennsku í borginni.

c. Almennadalur 9

Stjórn samþykkti á síðasta fundi einróma að ganga ekki til samninga um lóðarleigusamning við eiganda byggingarréttar að Almennadal 9. Jón Egilsson lögmaður hefur verið í sambandi við HS og hefur sagt þá ætla að byggja húsið þrátt fyrir að fá ekki lóðarleigusamning undir það, né eignaskiptayfirlýsingu þinglýst. HS hefur kafið byggingarfulltrúa um að fella niður byggingarleyfi það sem hefur verið veitt fyrir byggingu hússins.

d. Húsnæðis og mannvirkjastofnun (HMS)

HS hefur sett sig í samband við HMS til að kvarta yfir meðhöndlun byggingarfulltrúans í Reykjavík vegna meðhöndlunar embættisins á málefnum Almennadals.

e. Dómsmál til ógildingar úrskurði umhverfis- og auðlindamála

HS upplýsir að mögulegt er að höfða mál til ógildingar úrskurði umhverfis- og auðlindamála er varða ákvörðun skipulagsfulltrúa vegna samþykktar á breytingu á deiliskipulagi Almennadals vegna Almennadals 9. HS mun funda með eigendum hesthúsa á svæðinu til að kanna hvort áhugi sé á því að fara saman í slíka málshöfðun af því gefnu að málskostnaðartrygging heimilstryggingar greiði málskostnað. Þá myndi félagið taka þátt í kostnaði við slíka málshöfðun sem næmi sjálfsábyrgð af slíkri tryggingu. HS mun funda með húseigendum og upplýsa stjórn um framhaldið.

5. Fyrirmyndarfélag ISI

HS, RÁS, VFS og EG áttu fundum með Viðari hjá ISI til að fara yfir ferlið að fyrirmyndarfélagi ISI. HS renndi stuttlega yfir gátlistann.

6. Taðlosun - Bolaöldu

EG hefur verið í sambandi við verktakann sem er með starfsleyfi í Bolaöldu með það að markmiði að fá taðlosun í Bolaöldu. Sækja þarf um útvíkkun á starfsleyfi verktakans til heilbrigðiseftirlits suðurlands. Sprettur og Sörli vilja taka þátt í þessu með Fákí. EG og HS munu funda með heilbrigðiseftirliti suðurlands áður en beiðni um útvíkkun starfsleyfis verður send.

7. Dagsetningar móta 2026

- a. Reykjavíkurmestaramót verður 8.-14. júní 2026
- b. EG óskar eftir heimild til að ráða mótstjóra á Reykjavíkurmestaramót. Stjórn veitir heimild til að ganga frá ráðningu mótstjóra.

8. Önnur mál

Uppskeruhátíð Fáks verður haldin 31. október 2025. Umræður eru um viðmiðunarreglur við val á knöpum. EG er falið að skoða reglurnar og koma með tillögu að uppfærslu á næsta fundi.

Uppskeruhátíð barna og unglinga verður haldin sér. Ekki er komin dagsetning á hátíðina.

Fleira var ekki rætt.

Fundi var slitið 19:00.